



SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM DAGANA 14. - 15. MARS

ÓKEYPIS Á ÖLL SÖFN



Sjá dagskrá á safnahelgi.is

Garður

Allir viðburðir í Garði opnir 13:00-17:00 laugardag og sunnudag.

Byggðasafnið á Garðskaga.

Skagabraut 100.

Opið verður laugardag og sunnudag.

Leiðsögn verður um safnið. Sýning á gömlum mannlífsljósmyndum úr Garðinum, tónlist og listasýning. Hólmsteinn og vitarnir verða opnir ef veður leyfir.



Gallery Garðskagi.

Skagabraut 100. Opin verður laugardag og sunnudag.

Til sölu handverk og listmunir, tækifæriskort og fleira.

Ævintýragarðurinn.

Opið verður í Ævintýragarðinn Urðarbraut 4, laugardag og sunnudag.

Til sýnis verða skúlptúrar stórir sem smáir eftir Helga Valdimarsson.

Sjólust í Garði.

Hús Unu Guðmundsdóttur Gerðavegi 28 a verður opið á Safnahelgi á Suðurnesjum þann 14. og 15. mars 2015.

Heitt verður á könnunni og meðlæti fyrir gesti og gangandi.

Stjórnarfolk félags Hollvina Unu verður á staðnum og segir frá stofnun félagsins, markmiðum þess og frá lífi og starfi þessarar merku konu.



Gallery ársól.

Kothúsum. Opið verður laugardag og sunnudag frá 10:00 - 17:00.

Sýning og sala á leðurvörum, skarti og fallegum hlutum.

Verið öll hjartanlega velkomin í norðurljósabæinn Garð.

Grindavík

Kvikan,

auðlinda- og menningarhús, Hafnargötu 2, www.grindavik.is/kvikan

Opið laugardag og sunnudag frá kl. 10:17:00.

Ókeypiss aðgangur á þrjár áhugaverðar sýningar um auðlindir í Grindavík;

Guðbergsstofu, Jarðorkusýningu og Saltfisksýningu.



Nýja íþróttamiðstöðin,

félagsaðstaða UMFG og Kvenfélagsins við Austurveg. Til sýnis fyrir almenning á sunnudag kl. 13-15.

Málþing um 100 ára kosningarétt kvenna.

Laugardag kl. 11:00 verður glæsileg dagskrá tileinkuð því að 100 ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt. Fyrirlesstrar og tónlistaratriði.



Bókasafnið í lðu

Ásabraut 2, www.grindavik.is/bokasafn

Opið laugardag og sunnudag kl. 10:00-16:00

Málverkasýning.

Pálmar Örn Guðmundsson kennari og frístundamálarari með málverkasýningu. Hann dvaldi í nokkrar vikur á Kúbu í haust en þaðan kemur innblástur hans að þessu sinni.



Verzlunarmiðstöðin

Víkurbraut 62. Opið laugardag og sunnudag kl. 13:00-17:00

Málverkasýning Helgu Kristjánsdóttur og þriggja útlendra málara, í húsnaði gamla bókasafnsins. Þeir eru; Serhiy

Savchenko frá Úkraníu, Eduard Belsky frá Úkraníu og Alexandr Zabavchik frá Hvíta Rússlandi.

Ljósmyndasýning á 2. hæð.

Tinna Hallsdóttir sýnir myndir frá samfélaginu og umhverfinu í Grindavík sem henni finnst afar heillandi.

Handverksfélagið Greip

Minjagripasýning á ganginum sem félagið hefur gert fyrir Grindavíkurbæ.



Framsóknarhúsið

Opið laugardag kl. 12:00-16:00 og sunnudag kl. 13:00-17:00.

Málverkasýning.

Sænski listamaðurinn Sture Berglund frá vinabænum Piteå með sýningu sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Hann er einn virkasti og virtasti listamaður Svíþjóðar og kemur gagngert til Grindavíkur til að sýna í menningarvikunni.

Bakki

við Garðsveg

Opið laugardag kl. 13:00-15:00

Bakki til sýnis.

Minja- og sögufélag Grindavíkur hefur fest kaup á hinni fornu verbúð Bakka við Garðsveg og stendur til að koma því í upprunalegt horf.

Grindavíkurkirkja

Laugardag kl. 17:00

Formleg setning Menningarviku í Grindavíkurkirkju.

Tónlistaratriði. Afhending Menningarverðlauna Grindavíkur 2015. Eftir setninguna er gestum boðið í FJÖLMENNINGARLEGT VEISLUHLAÐBORD.

Sunnudagur kl. 20:00.

Léttmessa í Grindavíkurkirkju.

Vox Felix leiðir sönginn. Þetta er hópur ungs fólks af Suðurnesjunum sem syngur fjölbreytlega söngva undir stjórn Arnórs Vilbergssonar stjórnanda og organista í Keflavíkurkirkju.

Salthúsið

Stamphólsvegi 2, laugardag kl. 21:00.

Fjölmenningshátið.

Fjölmenningsarráð kynnrir Pólland, gömlu Júgóslavíu og Serbía, Tæland og Filippseyjar. Fulltrúar þessar landa kynna sögu þeirra, menningu og tónlist og í lok hverrar kynningar verða fyrirspurnir.



Íþróttamiðstöðin

Austurvegur 1-3, sunnudag kl. 13:00-15:00.

Ný íþróttamiðstöð opin almenningi til sýnis. Þessi fyrsti áfangi í uppbyggingu íþróttamiðstöðvar Grindavíkur er í raun miðstöð eða hjarta sem tengir saman íþróttahús, sundlaug og íþróttasvæði utanhúss, þar er jafnframt ný félagsaðstaða UMFG og Kvenfélags Grindavíkur. Allir velkomnir.

Flagghúsið

Víkurbraut 2, sunnudag kl. 13:00-16:00.

Sýning; handunnin teppi, þrjúnuð, heklúð og bútasaumuð.

Hópið,

fjölnota íþróttahús við Austurveg, sunnudag kl. 19:30-20:30.

Stangaveiðifélag Grindavíkur með flugukastnámskeið í fjölnota íþróttahúsinu, Hópinu. Góðir gestir mæta og leiðbeina. Allir velkomnir. Ekkert gjald er fyrir námskeiðið og börn og unglingar eru sérstaklega velkomin.

Kaffihúsið Bryggjan

Sunnudag kl. 21:00

Bryggjan. Jazztónleikar með TRIO NOR.

Um er að ræða þekktu djass standarda. TRIO NOR skipa þeir Ómar Einarsson á gítar Jakob Hagerdorn-Olsen á gítar og Jón Rafnsson á bassa.

Reykjanesbær

Söfn og setur



Rokksafn Íslands

Hljómahöll, Hjallavegi 2.

Opið laugardag og sunnudag kl. 11:00 - 18:00. Sjá rokksafn.is

Rokksafn Íslands í Reykjanesbæ opnar sína fyrstu sérsýningu laugardaginn 14. mars kl. 15:00. Listamaðurinn sem tekinn verður fyrir er stórsöngvarinn Páll Óskar Hjalmtýsson. Sýningin ber heitið „Páll Óskar - Einkasafn poppstjörnu“ en Páll Óskar fagnar einmitt 45 ára afmæli sínu þann 16. mars.

Víkingaheimar

Víkingabraut 1. Opið laugardag og sunnudag kl. 12:00 - 17:00. Sjá vikingaheimar.is

Fimm sýningar í húsinu.


Víkingaskipið Íslendingur er helsta aðdráttarafl Víkingaheima. Smíðað af Gunnari Marel Eggertssyni sem sigldi því til New York árið 2000 til að minnst ferðar Leifs Eiríkssonar til Vesturheims þúsund árum fyrr.

Víkingar Norður-Atlantshafsins, sýning um siglingar og landnám norrænna manna sem unnin var í samstarfi við Smithsonian stofnunina í Bandaríkjunum.

Landnám á Íslandi, merkar fornleifar af Suðurnesjum. Á sýningunni má m.a. sjá gripi úr Hafurbjarnarkumlinu og nýjustu fornleifarannsókninni í Vogu í Höfnum.

Örlög guðanna, sýning um norræna goðafræði. Heimsmynd víkinganna er þarna sett fram á listilegan máta þar sem frásögn, myndlist og tónlist fléttast saman á nýstárlegan hátt.

Söguslóðir. Kynning á helstu söguslóðum á Íslandi unnin í samstarfi við Samtök um sögutengda ferðaþjónustu.



Duushús,

menningar- og listamiðstöð

Duusgötu 2-8. Opið laugardag og sunnudag kl. 13:00 - 17:00.

6 sýningar í húsunum.

Listasafn Reykjanesbæjar

Listasalur: Til sjávar og sveita – Gunnlaugur Scheving
Samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Listasafns Árnesinga. Á þessari sýningu eru tekin fyrir verk Gunnlaugs, sem er meðal helstu listamanna þjóðarinnar, og endurspeglar verkin á sýningunni vel þá breytingu sem varð í íslenskri myndlist á millistríðsárunum.

Gryfjan: Sjálfsgæðir hlutir

Sýningin kemur frá Hönnunarsafni Íslands og er tilgangur hennar að kynna efni og sögu þekktara og oft klassískra hluta í hönnunarsögunni.

Bíósalur: 15/15 – Konur og myndlist

Sýning á verkum fimmtán íslenskra kvenna úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar í tilefni þess að árið 2015 eru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt.

Bátasafn Gríms Karlssonar

Rúmlega 100 bátalíkön og munir tengdir sjávarútvegssögu Íslendinga.

Bein útsending frá súluvarpinu í Eldey alla helgina.



Bryggjuhús

Gestastofa Reykjanesjarðvangs

Ný sýning um myndun og mótun Reykjanesskagans, lífríki þar og náttúruvar. Sýningin er í Bryggjuhúsi Duushúsa og er samstarfsverkefni Reykjanes jarðvangs og Reykjanesbæjar. Eitt af hlutverkum Reykjanes jarðvangs er að auka þekkingu almennings á jarðminjum, sögu og menningu svæðisins. Reykjanes jarðvangur er samstarfsverkefni sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum. Í Gestastofunni verður jafnframt til húsa upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn.

Þyrping verður að þorpi

Ný grunnsýning Bygðasafns Reykjanesbæjar á miðlofti í Bryggjuhúsi. Á sýningunni er stiklað á stóru um sögu svæðisins allt frá umfjöllun um niundu aldar skála í Höfnum fram undir miðja síðustu öld. Fjallað er um torfbyggingar, eldamennsku, verslun og viðskipti, fiskveiðar og vinnslu, ferðalög og náttúruna. Ólík tímabil flæða saman sem og náttúra og menning.

Sunnudag kl. 14:00. Leiðsögn sýningarstjóra.

Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður.

Bygðasafns Reykjanesbæjar og höfundur sýningarinnar leiðir gesti í gegnum sýninguna.

Erlingsstofa – Duushús

Sýning á skúlptúrum Erlings Jónssonar.

Bókasafn Reykjanesbæjar,

Ráðhúsinu Tjarnargötu 12, opið laugardag: 11:00-17:00.

Við vekjum athygli á tveimur stórafmælum, 100 ára sögu Keflavíkurkirkju með sýningu á munum tengdri sögunni og 100 ára sögu þingkosningaréttar íslenskra kvenna með gögnum í eigu safnsins. Ávaxtakarfan hefur einnig fengið heimkynni á safninu sem prýtt er með figúrum og munum úr verkinu, m.a. Edduverðlaunum.



Skessan í hellinum.

Svarti hellir við smábátahöfnina í Gróf, opið laugardag og sunnudag kl. 10:00 – 17:00. Skessa Herdísar Egilsdóttur er flutt til Reykjanesbæjar og býður gestum og gangandi að heimsækja sig í hellinn. Sjá skessan.is.

Rokkheimur

Rúnars Júlíussonar,

Skólavegi 12, opið laugardag og sunnudag 14:00 – 17:00. Sjá runarjul.is.



Slökkviliðssafn Íslands,

Seylubraut 1, Innri-Njarðvík (Safnamiðstöðin Rammi).

Opið laugardag og sunnudag 13:00-17:00.

Sýning þar sem aldarlög saga slökkviliða á Íslandi er rakin eins og hún birtist í bílum og tækjabúnaði auk fjölda ljósmynda frá þessari sögu.

Íbúð kanans,

lífið á vellinum, Life on a Nato base, Grænásbraut 607, West Avenue á Ásbrú.

Opið laugardag og sunnudag 13:00-17:00.

Sýning um hversdagslíf bandarískra hermanna á varnarstöðinni í Keflavík.

Handverk og hönnun

Jöklaljós, Grófinni 2,

opið laugardag 13:00 – 17:00. Ævintýraland kertanna. Gallerí – vinnustofa. Sjá joklaljós.is.

Gallerí Svarta pakkhús, Hafnargötu 2, opið laugardag og sunnudag 13:00 – 17:00. Gler, leir, prjón, fatnaður, skrautmunir, skartgripir o.fl.

Gallerí 8, Hafnargötu 21, opið laugardag kl 11:00 – 16:00 og sunnudag 13:00 - 16:00.

Íslensk hönnun, fatnaður, leðurvörur, skart, myndlist, gler o.fl.

Opnar vinnustofur á Vatnsnesi, Vatnsnesvegi 8, opið laugardag 13:00 – 18:00 og sunnudag 13:00 – 17:00. Bjarnveig Björnsdóttir og Halla Harðardóttir bjóða upp á myndlist, lifandi tónlist og léttar veitingar. Ljósop, félag áhugaljósmyndara, verður með myndir sínar til sýnis og einnig verður hægt að láta taka mynd af sér í stúdíói félagsins.

Sandgerði

Bókasafn Sandgerðis

Skólastræti, opið laugardag kl. 13:00 - 16:00.

Kynning á Comenius Regio verkefni á vegum Sandgerðisbæjar og stofnanna í bænum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Mänttä-Vilppula, bæjarfélag í Finnlandi. Verkefnið snýst um gerð námskrár í mynd- og handmennt og náttúrufræði og tengingu skólastiga og stofnanna í bæjarfélögum á sviði náttúruvísni og myndlistar. Þátttakendur í Sandgerðisbæ eru Grunnskólinn í Sandgerði, Leikskólinn Sólborg, Þekkingarsetur Suðurnesja, Náttúrustofa Suð-vesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Listatorg.



Listatorg

Vitatorgi. Opið alla daga vikunnar frá 13:00 - 17:00.

Í Gallerí Listatorgs er heill ævintýraheimur af margskonar handverki.

Sýning í húsinu:

„Dúkkur frá síðustu öld“ verður laugardag og sunnudag frá 13-17. Um er að ræða sýningu á dúkkum og fylgihlutum frá síðustu öld sem heimamenn og aðrir velunnarar hafa lánað til Listatorgs.

Þekkingarsetur Suðurnesja

Garðvegi 1. Opið laugardag og sunnudag 13:00 - 17:00. Sjá thekkingarsetur.is

Tvær sýningar í húsinu:

Náttúrugripasýning er á efri hæð Þekkingarsetursins með yfir 70 uppstoppuðum dýrum. Þar má einnig sjá ýmis lifandi sjávardýr og jafnvel koma við þau. Gaman er að flétta fjöru eða tjarnaferð saman við heimsókn á náttúrusýninguna. Þá er smádýrum safnað í fjörunni og þau svo skoðuð í víðsjá á sýningunni. Heilmikinn fróðleik er að finna í bókakosti Þekkingarsetursins sem staðsettur er á Náttúrusýningunni.

Heimskautin heilla er samvinnuverkefni Sandgerðisbæjar og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og fleiri aðila. Sýningin er um franska heimskautafarann Jean-Baptiste Charcot, einn merkasta landkönnuð síðustu aldar en hann fór með skipi sínu Pourquoi-pas? og áhöfn við Mýrar 1936. Sýningin er í tveimur nýjum sölum þar sem líkt er eftir brú og káetu í skipi frá tíma heimskautafarans.



Vogar

Stóru- Vogaskóla

Tjarnargötu 2. Laugardagur kl. 13:00 - 14:30.

Lestrarfélagið Baldur.

Bókasafnið í Stóru-Vogaskóla.

Sýning á ýmsum munum í eigu Vogabúa sem tengjast hinum Norðurlöndunum og norrænu samstarfi. Gestir eru hvattir til að hafa meðferðis muni og sýna þá á staðnum.


Tónleikar: Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir vísasöngkona syngur og leikur sönglög frá Norðurlöndum. Á efnisskránni eru m.a. lög eftir Barböru Helsingius, Bergþóru Árnadóttur og Olle Adolphson.



Álfagerði

Akurgerði 25. Laugardagur kl. 15:00.

Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar minnst aldarafmælis rithöfundarins Jóns Dan Jónssonar. Hann var fæddur á Vatnsleysuströnd og í mörgum af bókum hans má þekkja söguvið úr bernskusveit hans. Sagt verður frá Jóni og lesið upp úr nokkrum ritverkum hans.



Allir velkomnir.

VERIÐ VELKOMIN Á SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM DAGANA 14. - 15. MARS



Einkasafn poppstjörnu

Opið laugardag og sunnudag

kl. 11:00 - 18:00.

[Sjá rokksafn.is](http://Sja.rokksafn.is)